

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 227/2018

2021/EES/62/06

frá 5. desember 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/982 frá 11. júlí 2018 um leyfi fyrir blöndu með bensósýru, kalsíumformati og fúmarsýru sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Novus Europe N.A./S.V.) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/983 frá 11. júlí 2018 um leyfi fyrir bensósýru sem fóðuruakefni fyrir aukategundir svína til eldis og til undaneldis (leyfishafi er DSM Nutritional Products Sp. z o. o.) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1039 frá 23. júlí 2018 um leyfi fyrir kopar(II)díasetatmónóhýdrati, kopar(II)karbónatdihýdroxýmónóhýdrati, kopar(II)klóríðdihýdrati, kopar(II)oxíði, kopar(II)súlfatpentahýdrati, kopar(II)klósambandi af amínósýruhýdrati, kopar(II)klósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína, kopar(II)klósambandi af glýsínhýdrati (fast efni) og kopar(II)klósambandi af glýsínhýdrati (fljótandi) sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1334/2003, (EB) nr. 479/2006 og (ESB) nr. 349/2010 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 269/2012, (ESB) nr. 1230/2014 og (ESB) nr. 2016/2261 ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1zq (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003) og lið 1zzu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 479/2006):

„– **32018 R 1039:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1039 frá 23. júlí 2018 (Stjtíð. ESB L 186, 24.7.2018, bls. 3).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 1zzzzc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 349/2010), 68. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 269/2012), 120. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2014) og 180. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2261):

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 176, 12.7.2018, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 176, 12.7.2018, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 186, 24.7.2018, bls. 3.

„, breytt með:

– **32018 R 1039:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1039 frá 23. júlí 2018 (Stjtið. ESB L 186, 24.7.2018, bls. 3).“

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 259. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/346):

„260. **32018 R 0982:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/982 frá 11. júlí 2018 um leyfi fyrir blöndu með bensósýru, kalsíumformati og fúmarsýru sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Novus Europe N.A./S.V.) (Stjtið. ESB L 176, 12.7.2018, bls. 13).

261. **32018 R 0983:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/983 frá 11. júlí 2018 um leyfi fyrir bensósýru sem fóðuruakefni fyrir aukategundir svína til eldis og til undaneldis (leyfishafi er DSM Nutritional Products Sp. z o. o.) (Stjtið. ESB L 176, 12.7.2018, bls. 17).

262. **32018 R 1039:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1039 frá 23. júlí 2018 um leyfi fyrir kopar(II)díasetatmónóhýdrati, kopar(II)karbónatdihýdroxýmónóhýdrati, kopar(II)klóríðdihýdrati, kopar(II)oxíði, kopar(II)súlfatpentahýdrati, kopar(II)klósambandi af amínósýruhýdrati, kopar(II)klósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína, kopar(II)klósambandi af glýsínhýdrati (fast efni) og kopar(II)klósambandi af glýsínhýdrati (fljótandi) sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1334/2003, (EB) nr. 479/2006 og (ESB) nr. 349/2010 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 269/2012, (ESB) nr. 1230/2014 og (ESB) nr. 2016/2261 (Stjtið. ESB L 186, 24.7.2018, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/982, (ESB) 2018/983 og (ESB) 2018/1039, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.